

Alþingi  
Erindi nr. P 137/83  
komudagur 4.6. 2009



Alþingi  
b.t. Viðskiptanefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2009

**Efni: Athugasemdir Nýja Kaupþings banka hf. við þingsályktunartillögu á 137. löggjafarþingi 2009, þskj. 5, mál nr. 5.**

Í tillögu til þingsályktunar um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga er lagt til að skilgreind verði ný tegund hlutafélaga, gegnsæ hlutafélög (ghf.), sem uppfylla þurfi 5 nánar tiltekin skilyrði. Meðfylgjandi eru athugasemdir Nýja Kaupþings banka hf. við þingsályktunartillögu þessa.

Íslensku hlutafélagalögin nr. 2/1995 byggjast á samnorænum grunni. Við samningu laganna sem fór aðallega fram á árunum 1972 – 1973 var byggt á dönskum tillögum og dönskum lögum. Þá var við endurskoðun laganna árið 1994 aftur horft til danskrar hlutafélagalöggjafar sem fyrirmynd, einkum vegna þess að félagalöggjöf ESB og EES er eins í öllum meginatriðum. Með því móti var unnt að ná því markmiði að samræma íslenska hlutafélagalöggjöf við hlutafélagareglur EES sem eru í öllum meginatriðum samhljóma ESB reglum. Þetta er sá grunnur sem íslenska hlutafélagalöggjöfin byggir á. Þær hugmyndir sem nú eru uppi um að stofna nýja tegund hlutafélaga eiga sér ekki neina fyrirmynd hjá nágrannaþjóðum okkar og eru ekki í takt við þennan danska og evrópska grunn sem lögin byggja á. Það er afstaða Nýja Kaupþings banka að fara skuli varlega í allar stórvægilegar breytingar á hlutafélagalöggjöfinni sem skera sig mjög frá hlutafélagalöggjöf nágrannaþjóða okkar. Nýi Kaupþing banki telur að forðast eigi í lengstu lög að fjölga enn féлагаformum og þá sérstaklega að taka upp nýtt sér íslenskt féлагаform sem þekkist ekki hjá nágrannaþjóðum okkar.

Greinargerð með þingsályktunartillögu þessari er mjög óvenjuleg. Mikið er um órökstuddar fullyrðingar, einföldun á staðreyndum og þó nokkrir sleggjudómar fellir um aðdraganda bankahrunsins. Bankinn harmar að sjá slíka einföldun í greinargerð með þingsályktunartillögu og telur rétt að gæta hófs við greinargerðarskrif af þessum toga. Það er sérstaklega gagnrýnivert að markmið þessa viðauka við hlutafélagalögin hafa ekki verið skýr og ekki hefur verið sýnt fram á að þessi nýja tegund hlutafélaga leysi nokkurn vanda. Telja verður að stofnun á nýrri tegund sér íslenskra hlutafélaga sé ekki til þess fallin að endurvekja traust erlendra fjárfesta og fyrirtækja á íslenskum félögum, líkt og þörf er á nú.

Nýi Kaupþing banki hf.  
Höfuðstöðvar  
Borgartúni 19, 105 Reykjavík  
Sími 444 7000  
Kt. 581008-0150  
www.kaupthing.is


Í greinargerð með þingsályktunartillögum er vikið að því að ein af ástæðum hruns íslensku bankanna megi rekja til dulins eignarhalds í félögum. Hér má ekki gleyma IX. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 um flöggun. Ákvæðin taka reyndar aðeins til útgefenda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á Evrópska efnahagssvæðinu. Reglurnar tryggja gagnsæi eignarhalds í skráðum hlutafélögum. Því eiga staðhæfingar um dulið eignarhald skráðra félaga fyrir hrun íslensku viðskiptabankanna ekki við rök að styðjast. Nýi Kaupþing banki telur að gera verði mun á skráðum hlutafélögum sem sækja fjármagn til almennings og öðrum hlutafélögum. Eðlilegra væri að herða kröfur sem snúa að skráðum félögum eins og t.d. að gera kröfu um að skráð hlutafélög birti upplýsingar um eignarhald stærstu hluthafa í félaginu hverju sinni sem í raun var gert að kröfu Kauphallarinnar, þó krafan ætti sér ekki lagastoð í hlutafélagalögum.

Nýi Kaupþing banki telur að í stað þess að stofna enn eitt félagiformið, þá eigi frekar að endurskoða og styrkja gildandi hlutafélagalöggjöf og tengda lagabálka. Bankinn telur að í stað þess að búa til sér íslenskt félagiform, þá eigi að fylgjast vel með lagabreytingum í nágrannaríkjum okkar því fleiri þjóðir vinna að því nú að endurskoða hlutafélag- og fjármálalöggjöf sína.

Virðingarfyllst,



Helgi Sigurðsson hrl.  
framkvæmdastjóri lögfræðisviðs



Unnur Erla Jónsdóttir hdl.